

Alþingi - nefndasvið

b.t. fjárlaganefndar Austurstræti 8-10

101 Reykjavík

Selfossi 3. maí 2018

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2019-2023, 494. Mál

Hér með fylgir sameiginleg umsögn Skógræktarinnar, Landsambands skógareigenda og Skógræktarfélags Íslands.

## Umsögn Skógræktarinnar, Landssambands skógareigenda og Skógræktarfélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2019-2023

Undirritaðir, f.h. Skógræktarinnar (SR), Landssambands skógareigenda (LSE) og Skógræktarfélags Íslands (SÍ), fagna framkominni þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun fyrir árin 2019-2023, sér í lagi þeirri aukningu sem gert er ráð fyrir til umhverfismála.

Athygli er vakin á áætlun um fjórföldun skógræktar sem getur orðið veigamikill þáttur í loftslagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Ljóst er að binda verður kolefni með skógrækt til að unnt verði að uppfylla markmið ríkisstjórnarinnar, bæði hvað varðar Parísarsamkomulagið árið 2030 og að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040. Kolefnisbinding er hlíðarávinningur af aukinni skógrækt hér á landi. Að auki skapast fjölmörg störf til framtíðar, aðallega í dreifbýli, auk þess sem Íslendingar yrðu sjálfbærir um stóran hluta viðarafurða um miðja 21. öldina.

Kveða þarf skýrar á um hlutverk skógræktar í markmiðalýsingu fjármálaáætluninnar og setja inn sérstakan kafla um beinar aðgerðir með skógrækt sem kolefnisbindingu. Er eindregið lagt til að hlutverks skógræktar í aðgerðaráætlun í loftslagsmálum verði getið sem sérstaks markmiðs í fjármálaáætluninni. Engin sundurliðun er gerð á framlögum til skógræktar, náttúruverndar og landgræðslu í útgjaldaramma árin 2019 til 2023. Hér er send með áætlun um kolefnisbindingu í skógum miðað við fjórföldun nýskógræktar. Lagt er til að tillögum, sem settar eru fram í áætluninni, verði fylgt við ákvörðun framlaga til nýskógræktar í fjármálaáætluninni.

Kostnaður við aukningu nýskógræktar árin 2020-2030 er áætlaður á núvirði 15 milljarðar. Er það aðeins brot af þeirri upphæð sem Íslendingar þurfa að greiða náist ekki að standa við Parísarsamkomulagið.

Ár	2019	2020	2021	2022	2023
Milljarðar kr.	0,38	0,61	0,76	0,98	1,51
Fjöldi gróðurs. plantna (millj.)	3,1	5,0	6,2	8,0	12,4
Fjöldi ha í nýskógrækt	1.000	1.613	2.000	2.581	4.000

Virðingarfyllst,

Þórunn Eysteinsdóttir, skógræktarstjóri

Jónatan Garðarsson, formaður SÍ

Jóhann Gísli Jóhannsson, formaður LSE

# Kolefnisbinding í skógum - fjórföldun nýskógræktar


## Staðið við skuldbindingar Íslands í Parísarsamkomulaginu

Ræktun nýrra skóga (nýskógrækt) er ein mikilvægasta náttúrulega aðgerðin sem heimsbyggðin hefur tiltæka í baráttunni við loftslagsvandann. Nýskógrækt dregur bæði úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rofnu landi og bindur kolefni í jarð vegi, rótum og stofni. **Íslendingar geta ekki dregið úr nettólosun um eina milljón tonna CO<sub>2</sub>-ígilda á ári eins og gert er ráð fyrir í Parísarsamkomulaginu nema með því að auka skógrækt.** Hefjast verður handa strax því hámark kolefnisbindingar í nýjum skógi næst ekki fyrr en eftir 15 20 ár frá gróðursetningu.

Nýskógrækt með sjálfbærum skógarnytjum og endurheimt birkiskóga fellur vel að alþjóðlegum samningum sem Íslendingar eru aðilar að og styður við flest ef ekki öll sjálfbærimarkmið Sameinuðu þjóðanna. Íslendingar eru í þeirri óvenjulegu stöðu að nær öllum skógum landsins var eytt og eftir fylgdi gríðarleg jarðvegseyðing. Við landnám var um þriðjungur landsins þakinn birkiskógum og kjarri, en nú vex birki ekki á nema um 1,5 prósentum landsins. Ræktaðir skógar á Íslandi þekja nú 0,42% landsins. Hér er kynnt áætlun um fjórföldun nýskógræktar á næstu árum.

### Áætlunin felur í sér:

- að árið 2023 hafi árleg gróðursetning verið fjórfölduð, úr 3,1 milljón trjáa á ári í 12,4 milljónir
- að árið 2030 bindi íslenskir skógar 587.000 tonn CO<sub>2</sub> ígilda á ári og flatarmál nýskógræktar verði 75.000 ha.
- að árið 2040 verði árleg binding í skógi 886.000 tonn CO<sub>2</sub> ígilda og flatarmál nýskógræktar 112.000 ha.
- mun meiri samdrátt í nettólosun Íslands á CO<sub>2</sub> ígildum en yrði með óbreyttri skógrækt
- að Íslendingar verði sjálfbærir um timbur árið 2060 miðað við núverandi innflutning á tímberi



Nægt land er tilbúið til ræktunar, t.d. samingslönd um 650 bænda í tengslum við skógrækt á lögbýlum um land allt og víðleðm uppgræðslulönd Landgræðslunnar. Ýmis verkefni á vegum ríkisins, sveitarfélaga og félagasamtaka í skógrækt eru starfrækt, s.s. Landgræðsluskógar og Hekluskógar. Allir innviðir eru til staðar svo auka megi nýskógrækt, s.s. gróðrar stöðvar, fagfólk, sérfræðingar í rannsóknum og nauðsynlegur tækjabúnaður.

Kostnaður við aukningu nýskógræktar árin 2020 2030 er áætlaður á núvirði 15 milljarðar. Er það aðeins brot af þeirri upphæð sem Íslendingar þurfa að greiða náist ekki að standa við Parísarsamkomulagið.

Ár	2019	2020	2021	2022	2023
Milljarðar kr.	0,38	0,61	0,76	0,98	1,51
Fjöldi gróðurs. plantna (millj.)	3,1	5,0	6,2	8,0	12,4
Fjöldi ha í nýskógrækt	1.000	1.613	2.000	2.581	4.000

## Hver eru þjóðhagsleg áhrif þess að fjórfalda nýskógrækt á Íslandi?

Til að sýna þjóðhagsleg áhrif þess að fjórfalda nýskógrækt eru hér bornar saman tekjur af skógrækt og gjöld ríkisins við nýskógrækt. Aðeins eru teknar með áætlaðar tekjur af viðarsölu og virði kolefnisbindingar. Kostnaður ríkisins er annars vegar miðaður við óbreyttan framkvæmdahraða (S1 = 380 m.kr. á ári) og hins vegar við fjórfaldan hraða (S4 = 1.510 m.kr./ári frá árinu 2023). Þrátt fyrir aukinn kostnað sem fjórföldun hefði í för með sér eru raunvextir fjárfestingar í nýskógrækt áætlaðir svipaðir; 3,7% (S1) og 3,5% (S4).



Myndin sýnir spá um kostnað og tekjur miðað við annars vegar óbreyttan framkvæmdahraða í skógrækt (S1) og hins vegar fjórföldun (S4). Ef farið verður í fjórföldun verður stofnkostnaður hærrí en tekjur fyrstu árin eða um 444 m.kr. nettóhalla á ári frá 2020 til 2039. Frá árinu 2040 verður viðsnúningur og munu tekjur af skógræktinni þá vaxa mun hraðar hjá S4 en S1 (Arnór Snorrason og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, 2018). Miðað er við núverandi markaðsverð á CO<sub>2</sub> tonni (9,53€ á EU ETS markaði). Viðarverðið sem miðað er við er verð á kurluðum grisjunarviði byggt á rauntölum frá Skógræktinni.

### Önnur mikilvæg atriði sem munu hafa áhrif á þjóðarhag og eru ekki metin hér:

- Styrking dreifbýlis og atvinnusköpun sem skilar þjóðarþúinu skatttekjum
- Aukið verðmæti bújarða og hækkað láns hæfismat bænda
- Sparnaður á gjaldeyri og flutningskostnaði við að framleiða timbur og aðrar skógarafurðir innanlands
- Möguleg hækking á markaðsverði CO<sub>2</sub> tonna á EU ETS markaðnum; sumar spár gera ráð fyrir verði á bilinu 40-50€ árið 2030
- Hagkvæmari grisjun og skógarhögg eftir því sem árin líða og magnið eykst
- Bætt búsetu og ræktunarskilyrði fyrir akurrækt og húsdýr í skjóli skóga og skjólbelta
- Auknir möguleikar til uppbyggingar nýrra atvinnuvega í dreifbýli
- Jarðvegsvernd og vernd gegn náttúruvá, s.s. öskufalli

## Markmið um skógrækt í fjármálaáætlun

**Efni: Tillögur Landssamtaka skógareigenda, Skógræktarfélags Íslands og Skógræktarinnar að markmiðum um skógrækt í fjármálaáætlun 2019-2023.**

Samráðshópur fulltrúa Landssamtaka skógareigenda (LSE), Skógræktarfélags Íslands (SÍ) og Skógræktarinnar (SR) hefur sett saman eftirfarandi tillögur í þremur liðum sem þykir mikilvægt að verði hluti af markmiðum fjármálaáætlunar hins opinbera á árunum 2019-2023.

**Hópurinn leggur til að eftirfarandi málsgreinum verði bætt við kafla 3 á bls. 273 í fjármálaáætlun, „Framtíðarsýn og meginmarkmið“.**

Skógrækt er ein af helstu mótvægisáðgerðum Íslendinga í loftslagsmálum. Þótt langtíma-markmið sé að hætta losun gróðurhúsalofttegunda þarf að binda aftur kolefni sem þegar hefur verið losað út í andrúmsloftið og það sem losað verður þar til jafnvægi næst.

Markmið í skógrækt eru að árið 2030 verði árleg nettóbinding í íslenskum skógum a.m.k. 435.000 tonn koltvísýrings og um miðja 21. öldina verði hún a.m.k. ein milljón tonna koltvísýrings. Enn fremur, að um miðja öldina verði Íslendingar sjálfbærir um stóran hluta viðarafurða. Til að þetta náist þarf að fjórfalda árlega gróðursetningu trjáplantna frá því sem nú er. Raunhæft er að auka gróðursetningu upp í 5 milljónir plantna árið 2020 og árið 2023 verði árleg gróðursetning komin upp í 12,4 milljónir plantna. Stærstur hluti þessarar aukningar fari fram á löndum bænda, en einnig skógræktarfélagi og ríkis um allt land.

Unnið verður að endurskipulagningu landnotkunar og að gerð landsáætlun í skógrækt fyrir Ísland. Uppgræðsluáðgerðir á rofsvæðum landsins verða auknar til muna og stuðlað að því að birkiskógar breiðist út af sjálfsdáðum. Efld verður skógrækt sem miðar að því að láta aðlögun að loftslagsbreytingum haldast í hendur við mótvægisáðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Slíkar áðgerðir felast í því að rækta skóga sem vörn gegn náttúruvá, s.s. vegna flóðahættu, skriðufalla og öskufalls í kjölfar stórgosa.

Fyrir hönd LSE, SÍ og SR,

  
Jóhann Gísli Jóhannsson  
formaður LSE

  
Jónatan Garðarsson  
formaður SÍ

  
Þröstur Eysteinnsson  
skógræktarstjóri